

7. bekkur Glerárskóla

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áhersluþættir í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á **Aðalnámskrá grunnskóla veffang: www.mrn.stjr.is**. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrárgerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildar fjöldi kennslustunda í 7. bekk er 35.

Umsjónarkennari í 7. bekk er: Jóhann Ingi Gunnarsson. Stuðningsfulltrúi er Lára Gunnarsdóttir

Heimavinna

Gert er ráð fyrir að nemendur læri heima á hverjum virkum degi. Kennari skrifar áætlun fyrir heimavinnu og nemendur skrá í dagbók. Heimavinnu skal skila til kennara samkvæmt heimavinnuáætlun. Brýna þarf fyrir börnunum að sinna heimanáminu af samviskusemi og leiðbeina þeim í að temja sér góðar vinnuvenjur. Áhersla er lögð á virka samvinnu heimila og skóla.

Íslenska

Lestur/ bókmenntir/ ljóð/ skrift

Helstu áhersluatriði: Áhersla á lesskilning, leshraða, upplestur, góða framsögn og að nemendur tileinki sér skýran, áheyrilegan framburð. Nemendur lesa texta á gagnrýninn hátt og kynnast fjölbreyttum bókmenntatextum sem lagðir verða til grundvallar umræðu. Geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær. Nemendur þjálfast þannig í að lesa sér til gagns og gamans.

Nemendur læra um og kynnast einstaka ljóðskáldum og ljóðum þeirra ásamt grunnreglum í ljóðagerð. Farið verður í innihald og efni ljóða.

Nemendur hraðlesa a.m.k. eina bók og gera grein fyrir henni skriflega. Einnig stutt ritgerð um Reykjaferð. Þjálfast í uppsetningu og frágangi á texta og öðru efni á tölvutæku formi.

Í skrift þjálfast nemendur í að skrifa samfelldan texta á góðum meðalhraða og gæta þess að hann verði auðlesinn.

Helsta námsefni: Grænkápa, Lífið í Ásgarði. Ljóðspor. Skrift frá Námsgagnastofnun.

Málfræði og stafsetning/ritun

Helstu áhersluatriði: Áframhaldandi þjálfun í fallorðum, sagnorðum og stafsetningu. Efla tök nemenda á töluðu máli, lestri, hlustun og ritun. Einnig verður stefnt að því að auka málvitund nemenda.

Helsta námsefni: Málrækt 3, Skrudda les- og verkefnabók I og II, verkefnabækur 3 við Rétttritunarorðabók, Mál er miðill grunn- og vinnubók, Stafsetning og efni frá kennara. Þjálfunarforrit í tölvum. Finnbjörg.

Námsmat:

Málvísi: Námsmatið byggir á símati og leiðsagnarmati.
Lestur: Lesfímipróf eru lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið, með þeim er fylgst með framförum í lestri.

Ljóðakunnátta og bókmenntir: Í ljóðum er metið hvernig nemendum tekst að læra utan bókar ljóð, skilning þeirra á ljóðum, einfalt myndmál, form og framsögn/flutning. Bókmenntir eru metnar með markvissum æfingum þar sem unnið er með valda bókmenntatexta á fjölbreyttan hátt. Vinnubækur gilda til námsmats ásamt könnunum og lesskilningsverkefnum.

Ritun: *Skrift* er metin með formlegum verkefnum og frjálstri ritun. Skrifarbækur, skrifarpróf og önnur verkefni eru metin.

Stafsetning er metin með reglulegum könnunum (upplestrum).

Kennarar: Umsjónarkennari.

Stærðfræði

Helstu áhersluatriði: Unnið verður áfram með grunnaðgerðirnar fjórar og að því að auka leikni nemenda í meðferð talna og óþekktra stærða í stærðfræðinni. Áhersla á skilning nemenda á hagnýti stærðfræðinnar í daglegu lífi með því að leggja fyrir orðadæmi og þrautir.

Helsta námsefni: Stika 3A og 3B.

Námsmat: Þekking nemenda í stærðfræði er metin með könnunum. Horft er til hæfniviðmiða, kunnáttu, færni, skilnings, getu nemenda til að greina og tengja ólíka þætti, frumkvæði, vinnubragða og þrautseigju.

Kennarar: Umsjónarkennari.

Samfélagsfræði

Helstu áhersluatriði: Markmiðið er að nemendur kynnist og öðlist skilning á sögu Íslendinga frá u.þ.b. 1300 -1800. Í landafræði kynnast nemendur landsháttum, atvinnulífi, stjórnarferðum og mannlífi í Evrópu. Nemendur þjálfast í að koma frá sér efni á sem fjölbreyttastan hátt, s.s. með verklegum og skriflegum verkefnum og margmiðlunarverkefnum.

Helsta námsefni: Evrópa, Sögueyjan, Kortabók, efni frá kennara, veraldarvefurinn og margmiðlunarefni.

Námsmat byggist á þeim hæfniviðmiðum sem aðalnámskrá og skólanámskrá segja til um. Horft er til þátttöku nemenda í verkefnum s.s. framlags í hópvinnu og hæfni til samvinnu, upplýsingafærni, skipulags og vinnubragða í skriflegum verkefnum.

Saga: Til námsmats gilda verkefni, vinnubók og kannanir.

Landafræði: Til námsmats gilda verkefni, vinnubók og kannanir.

Kennarar: Umsjónarkennari.

Trúarbragðafræði

Helstu áhersluatriði: Nemendur kynnast sögu kirkjunnar og kristinnar menningar. Fjallað er um dæmisögur biblíunnar út frá siðferðilegum sjónarmiðum einnig fræðast þeir um sögu og uppruna Gyðingdóms og Hindúatrú.

Helsta námsefni: Kristin trú – fagnaðarerindið, Gyðingdómur, Islam og efni frá kennara.

Námsmat: Til námsmats gilda hæfniviðmið, vinnubækur og kannanir.

Kennarar: Umsjónarkennari.

Upplýsingamennt – tölvunotkun

Helstu áhersluatriði: Áhersla er lögð á að kynna fyrir nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga. Einnig er lögð áhersla á góða umgengni við tölvur, bæði í skólanum og utan hans.

Helsta námsefni: Upplýsingatækni 5.–7. bekkur, námsefni frá kennara.

Helstu forrit: Microsoft Word, Microsoft Publisher, Microsoft Excel, Scratch, Alice og ýmis námsforrit á vef Námsgagnastofnunnar.

Námsmat: Símat sem byggist á vinnubrögðum og færni í notkun tölva. Verkefni í Word og Excel og forritun í Scratch og Alice.

Kennari: Umsjónarkennari.

Lífsleikni

Helstu áhersluatriði: Náminu er sérstaklega ætlað að styrkja nemendur í því að takast á við ábyrgðina sem fylgir því að þroskast úr barni í ungling. Unnið er að því að hjálpa nemendum til að öðlast meira sjálfstraust, hafa betri boðskipti bæði heima og í skólanum, taka ákvarðanir byggðar á staðreyndum fremur en þrýstingi frá umhverfinu. Lögð er áhersla á að nemendur viðhaldi eða myndi sér þá skoðun að segja *nei* við tóbaki, áfengi og öðrum fíkniefnum. Þátttaka foreldra ýtir undir það að vel takist til. Með virkri þátttöku þeirra geta þeir einnig lært meira um það hvernig unnt er að takast á við það viðburðaríka starf að ala upp 12-14 ára einstakling. Áhersla er lögð á að nemendur skoði samskipti undir mismunandi kringumstæðum s.s. með því að gera sér grein fyrir eðli samskipta og glöggva sig á hvaða samskiptamynstur einkenni þá. Leikur, spurni og söngur. Bekkjafundir eru m.a. nýttir í þessu sambandi. Unnið verður með uppeldisstefnuna Jákvæður agi.

Helsta námsefni: Valur –heimspekilegar frásögur. Myndband um einelti 2. Eineltishringurinn.

Námsmat: Þar sem umfjöllunarefni lífsleikninnar eru mjög huglæg er erfitt að meta þau á hefðbundin hátt. Kennarinn fylgist með framförum og virkni nemandans og gefur umsögn við lok hvorrar annar. Námsmat byggir á gátlistum sem tengjast markmiðum lífsleikninnar, sjálfsmati og virkni nemandans. Umsögn er gefin í foreldraviðtölum.

Kennarar: Umsjónarkennari og Rakel Björk Káradóttir námsráðgjafi.

Enska

Helstu áhersluatriði: Að auka hæfni nemenda til að skilja ritaða og talaða ensku og að tjá sig munnlega og skriflega. Byggt er ofan á þekkingu nemenda í málfræði og orðaforða. Aukin áhersla á ritun.

Helsta námsefni: Action, texta og vinnubækur auk hlustunarefnis, valið efni úr B málfræðihefti, léttlestrarbækur, efni frá kennara og efni af veraldarvefnum. Project – bækur. The adventures of Tom Sawyer.

Námsmat: Hlustun, skilningur, framsögn og tjáskipti eru hluti af námsmati. Sjálfsmat og jafningjamat auk verkefnavinnu og kannana.

Kennari: Umsjónarkennari.

Danska

Helstu áhersluatriði: Skilja einfaldan texta með grunnorðaförða í daglegu lífi og geta tekið þátt í samskiptaleikjum. Að átta sig á skyldleika tungumála og nýti sér í náminu. Áhersla er talað mál og að geta skrifað einfaldan texta..

Helsta námsefni: Smart, lesbók, vinnubók, kvikmyndir og þættir. Tölvuforrit,

Námsmat: Verkefnavinna, kannanir, virkni í málnotkun.

Kennari: Anna Guðrún Jóhannesdóttir.

Náttúrufræði

Lífvisindi:

Helstu áhersluatriði: Fjallað er um starfsemi og gerð líkamans. Lögð áhersla á manninn sem lífveru, einstök líffæri hans og starfsemi þeirra. Kynfræðsla, fíkniefni og öldrun.

Helsta námsefni: Lífríki í ferskuvatni, Lífríki á landi. Maðurinn, hugur og heilsa.

Eðlisvísindi/jarðvísindi:

Helstu áhersluatriði: Vísindi í nútíð og framtíð, byggingareiningar alheimsins, varmi, hamskipti, hitaþensla, leysni, orka og orkunotkun, haf, vatnsföll og jöklar. Verklegar æfingar.

Helsta námsefni: Auðvitað- heimilið

Námsmat: Mat byggist á þeim markmiðum sem aðalnámskrá og skólanámskrá segja til um. Stuðst er við verklegt mat og er vinnuferlið metið í leiðsögn við nemandann. Einnig þurfa nemendur að sýna fram á að þeir hafi tileinkað sér ákveðna færni. Vinnuferlið er metið. Sjálfsmat er hluti af námsmati þar sem nemandi metur viðhorf sín, þekkingu og/ eða færni innan ákveðinna námssviða og hvort honum hafi tekist að ná settum markmiðum. Til þessa eru notaðir matslistar sem nemendur vinna eftir og lýsa stígandi kröfum sem gerðar eru í náminu. Með námsmati fylgir umsögn um virkni.

Kennari: Umsjónarkennari.

Myndlist

Helstu áhersluatriði: Nemendur teikna, mála og móta eigin hugmyndir inn á milli ákveðinna verkefna. Þjálfuð eru lögmál og aðferðir greinarinnar og þau grunnhugtök sem nemendur kynntust á yngsta stigi, þekking þeirra dýpkuð og nýir þættir lagðir inn. Í tengslum við skapandi starf nemenda á námið að vera hvati til aukinnar rýni og dýpri skilnings á lögmálum myndmáls í félagslegu og sögulegu samhengi myndlistar. Nemendur skoði vinnuferli allt frá skissugerð til endanlegs myndverks og nýti sér í eigin sköpun aðferðir sem fela í sér tilraunir með liti og form, mismunandi sjónarhorn og rýmmisskapandi áhrif við gerð tvívíðra og þrívíðra myndverka. Verkefnavinnan byggir á fjölbreyttum aðferðum og áhöldum þar sem blandað er saman ólíkum eignum og margvíslegri tækni og reynt verður að gæta fjölbreytni í verkefnavali. Áhersla er lögð á að nemendur temji sér skapandi úrlausnir verkefna, vönduð vinnubrögð og góða umgengni um efni og áhöld.

Helsta námsefni: Listavefurinn, verkefni frá kennara - efni fengið úr ýmsum bókum og gögnum um myndlist. Inntak verkefna byggir á þrepamarkmiðum í aðalnámskrá grunnskóla.

Helstu kennsluaðferðir: Stuttir fyrirlestrar við upphaf kennslustundar, sýnikennsla, einstaklingsleiðsögn, samvinnunám og hópastarf.

Námsmat: Símat sem byggir á frumkvæði, vinnulagi, verkefnaskilum og frágangi. Vinnuferlið er metið jafnt á við frágengið verk. Einnig byggir námsmat á sjálfsmati í þeim tilgangi að auka meðvitund nemenda og ábyrgð á eigin námi.

Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

Textílmennt

Helstu áhersluatriði: Verkefni byggjast á sjálfstæðri vinnu nemenda á grundvelli fyrra náms. Áhersla er lögð á persónulegar útfærslur á verkefnum. Æfð er færni í að þrjóna eftir einföldum uppskriftum og tileinka sér ýmis tákni sem gilda í uppskriftum.

Námsmat: Færni og áhugi nemenda, sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni.

Kennari: Sigrún María Guðmundsdóttir.

Hönnun og smíði

Helstu áhersluatriði: Nemendur kynnast eiginleikum efnis sem verið er að nota og möguleikum þess. Læra að nota eigin hugmyndir og koma þeim í framkvæmd. Teikna upp, vinna eftir teikningum og athuga leiðir til úrlausna. Efla sköpun og hugmyndaflug. Nemendur öðlist meiri færni í því sem áður hefur verið kennt.

Námsmat: Byggt á verkefnum, ástundun, vinnubrögðum, frágangi og framkomu.

Kennari: Ólafur Viðar Hauksson.

Tónlist/sjónlist/sviðslist

Markmið:

- Að nemendur geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulegan hátt í sköpun eigin
- Að efla áhuga á tónlist og sviðslistum.
- Að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinanna.
- Að þjálfa tón- og taktskyn.
- Að örva ímyndunarafli og geta hreyft sig óþvingað eftir tónlist.
- Að nemendur kynnist hljóðfærum og hljóðfærasmíði.
- Að nemendur kynnist ýmsum tegundum tónlistar.
- Að nemendur nái að tengja saman hreyfingu, túlkun og tónlist
- Að nemendur taki virkna þátt í leikrænu ferli í hópi og geti beitt fleiri en einu form leiklistar
- Að nemendur geti sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfendur

Námsmat: Umsögn um áhuga og frammistöðu.

Kennari: Jóhann Ingi Einarsson

Heimilisfræði

Markmið

- Að nemendur fá þjálfun í að velja hentug áhöld og tæki.
- Þjálfist í að stækka og minnka uppskriftir og breyta g í dl og öfugt

- Temji sér sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum en geti einnig unnið í samvinnu og samstarfi við aðra
- Temji sér góð vinnubrögð og réttar vinnustellingar
- Geti unnið af öryggi með einföldustu aðferðir í matreiðslu úr öllum fæðuflokkum t.d. suðu, steiking og að nota allar bakstursaðferðirnar.
- Tileinki sér hreinlæti í meðferð matvæla/ krossmengun, örverur
- Taka þátt í að bera fram mat og skipuleggja gestaboð.
- Kynnist geymsluaðferðum matvæla

Skipulag kennslu/kennsluaðferðir:

Útlistunarkennsla, sýnikennsla, hópavinna, samvinnunám, einstaklingskennsla. Nemendur vinna 2-3 saman í hóp og læra þannig samvinnu og tillitsemi við aðra. Leitast er við að hafa hráefnisval og verkefni fjölbreytt. Útikennsla fer fram í maí og september og þá er aðallega verið að nota útigrill. Námið tengist vel skólasýninni þar sem nemendur þjálfa verklega færni og kynnast ýmsum vinnuaðferðum, áhöldum og efni.

Námsefni/ kennslugögn

Gott og gagnlegt 3 vinnubók með uppskriftum, ljósrituð gögn frá kennara, matreiðslubækur og blöð.

Námsmat

Símat, sjálfsmat verklegt próf

Sjálfsmatið á að gefa nemandanum tækifæri til þess að leggja gagnrýnið mat á eigin vinnu og framfarir, það er byggt á vinnusemi, frágangi og umgengni, hegðun og samvinnu í tímum.

Símat er opið mat kennarans eftir hvern tíma á vinnubrögðum, áhuga og virkni, umgengni og snyrtimennsku, hegðun og samvinnu nemandans. Verklegt próf fer fram í lok annar.

Kennari: Þóra Gígja Jóhannsdóttir

Hreyfing og heilsa

Námsefni: Gott og gagnlegt; lesbók og vinnubók. Efni frá kennara.

Skipulag kennslu: Farið verður í efni kennslubókarinnar með virkri þátttöku nemenda. Nemendur ræða efnið og vinna saman í pörum og smáum hópum. Leitast verður við að nemendur upplifi fræðslu um hollustu, hreyfingu og heilbrigðan lífstíl á jávæðan og virkan þátt. Farið verður í gönguferðir, gerðar æfingar í kennslustofunni og á skólalóð.

Markmið:

- rifji upp hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld, svefn)
- rifji upp í heiti næringarefnanna, viti hvar hvert þeirra er að finna
- kynnist orkuefnunum, læri um hlutverk þeirra og úr hvaða fæðu við fáum þau
- rifji upp heiti nokkurra vítamína og úr hvaða fæðu þau koma

- geri sér grein fyrir samhengi heilsu og lífstíls
- geri könnun á eigin morgunverði, setji saman máltíðir með hliðsjón af ráðleggingum Lýðheilsustöðvar
- þekki æskilega samsetningu fæðunnar og mikilvægi reglulegra máltíða
- geti unnið í samvinnu og samstarfi við aðra, sett sig í spor annarra
- tileinki sér jákvætt viðhorf gagnvart hreinu umhverfi úti sem inni
- tileinki sér ábyrga umgengi við umhverfi sitt
- læri að þekkja umhverfis- og endurvinnslumerki, temji sér ábyrgð gagnvart náttúrunni og verðmætum (s.s. orku, pappír ofl.)
- skoði auglýsingar í dagblöðum og sjónvarpi með gagnrýnum huga

Námsmat: Lagt verður mat á virkni í kennslustundum og frágang vinnubókar. Sjálfsmat nemenda á frammistöðu í hópa- paravinnu. Tvö námsmatsverkefni verða lögð fyrir og metin. Annars vegar er það paravinna um auglýsingar og hins vegar einstaklingsverkefni þar sem útbúa á hollan og góðan matseðil.

Kennari: Guðríður Sigurðardóttir.

Íþróttir

Helstu áhersluatriði- markmið: Að nemendur:

- Efli líkamspól, kraft, hraða og viðbragð
- Fáí útrás fyrir hreyfipörf sína og fáí í leiðinni jákvæða upplifun af íþróttum
- Þjálfist í samvinnu, að sýna tillitsemi og umburðarlyndi gagnvart öðrum nemendum
- Leitast er við að kynna sem flestar íþróttagreinar sem aðstæður í skóla bjóða upp á.

Leiðir: Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar leikfimiæfingar, þolæfingar, styrktaræfingar, boltaleiki sem og leiki. Nemendum er skylt að koma með leikfimiföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum annars fá þeir ekki að taka þátt í leikfimitímanum.

Námsgögn: Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

Námsmat: Námsmat í íþróttum byggir á stefnu skólans og markmiðsetningu í skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla. Námsmatið byggir á símati allt skólaárið þ.e. ýmsum mælingum, athugunum og prófum. Eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar við gerð námsmats í íþróttum.

Færni: Könnuð er færni nemenda í þoli, fimi, styrk og hraða, einnig í ýmsum æfingum og í leikjum með og án bolta.

Virgni og ástundun: Mat er lagt á mætingar, vinnubrögð, dugnað, áhuga og einbeitingu.

Félagsproski og samskipti: Mat er lagt á samvinnu og samskipti nemenda og hvernig nemendur bregðast við fyrirmælum kennara og annarra starfsmanna í sal og búningsherbergjum. Umgengni er metin.

Kennarar: Hrefna Dagbjartsdóttir og Páll Gíslason.

Sund

Helstu áhersluatriði: Í 7. bekk er haldið áfram að byggja upp góða sundfærni í öllum helstu sundgreinum. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir m.a. “ Sá nemandi, sem staðist hefur áfangamarkmið við lok 7. bekkjar getur talist syndur.” Lögð er áhersla á að nemendur upplifi sundstaði á jákvæðan hátt þar sem þeir fá útrás fyrir hreyfipörf og félagsleg samskipti.

Námsmat: Námsmat í sundi byggir á stefnu skólans og hæfniviðmiðum í skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla. Námsmatið byggir á símati þ.e. ýmsum æfingum og prófum.

Færni: Matið byggir á því að nemandinn geti synt 300 metra sund, 15 metra björgunarsund með jafningja, 8 metra kafsund. Mat er lagt á sundstíl í bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi, baksundi, kafsundi og stungu af bakka.. Tímataka: 50 metra bringusund og 33 metra skriðsund.

Virgni og ástundun: Mat er lagt á mætingar, vinnubrögð, dugnað, áhuga, einbeitingu og úthald.

Félagsþroski og samskipti: Mat er lagt á samvinnu og samskipti nemenda og hvernig nemendur bregðast við fyrirmælum kennara og annarra starfsmanna í sundlaug og búningsherbergjum. Umgengni er metin.

Kennari: Páll Gíslason.